

# FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

## Fundur nr. 1835

Ár 2010, þriðjudaginn 9. mars kl. 16:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu.

**Fundinn sátu:** Anna G. Edvardsdóttir, Baldur S. Einarsson, Soffía Vagnsdóttir og Elías Jónatansson, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

**1. Dagur umhverfisins 2010 – viðburðir og viðurkenningar .**

Bréf frá Umhverfissráðuneytinu dags. 2. mars 2010, þar sem minnt er á dag umhverfisins sem haldinn er 25. apríl ár hvert.

10 03 011

*Bæjarstjóra falið að ræða við formann umhverfismálaráðs og forstöðumann Náttúrustofu Vestfjarða varðandi útfærslu dagsins.*

Hér vék Elías af fundi.

**2. Umsókn um styrk.**

Styrkumsókn frá Huldu Albertsdóttur vegna lokaverkefnis við Landbúnaðarháskóla Íslands, en verkefnið snýst um hönnun á miðbæ í Bolungarvík.

*Bæjarráð þakkar Huldu áhugann á að fást við viðfangsefnið og samþykkir að veita 50 þús. kr styrk til verkefnisins. Bæjarráð óskar jafnframt eftir því að fá kynningu á verkefninu þegar því er lokið.*

Hér kom Elías til fundar aftur.

**3. Skipulagsstofnun vekur athygli á úrskurði.**

Bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 1. mars 2010 þar sem athygli sveitarfélaga er vakin á úrskurði í skipulagsmálum.

10 03 009

*Kynnt.*

**4. Áætluð framlög Jöfnunarsjóðs 2010.**

Bréf frá Samgönguráðuneytinu, dags. 26. febrúar 2010 þar sem lögð er fram áætlun um úthlutanir framlaga Jöfnunarsjóðs á árinu 2010.

10 03 010

*Kynnt.*

Fundi slitið kl. 17:10.

**Anna G. Edvardsdóttir**  
**Baldur S. Einarsson**  
**Soffía Vagnsdóttir**  
**Elías Jónatansson**